

Minjastofnun Íslands

Ársskýrsla 2020



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Ljósmynd á forsíðu: Magnús A. Sigurðsson, minjavörður Vesturlands, setur flygildi á loft.

Ljósmynd: Magnús A. Sigurðsson.

© 2022

Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Íslands

Suðurgata 39

101 Reykjavík

Ísland

(+354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is

www.minjastofnun.is

Ritstjórn:

Agnes Stefánsdóttir

Ásta Hermannsdóttir

ISSN 2547-6475

EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORSTÖÐUMANS	4
UM STOFNUNINA	6
MANNAUÐSMÁL.....	6
HÚSNÆÐISMÁL.....	6
STARFSMANNAFERÐIR	7
RÁÐGEFANDI NEFNDIR OG MINJARÁÐ	7
<i>Fornminjanefnd</i>	7
<i>Húsafríðunarnefnd</i>	7
<i>Minjaráð</i>	7
STEFNUMÓTUNARVINNA	8
MÁLAFJÖLDI OG VIÐFANGSEFNI	9
FJÖLDI MÁLA	9
FJÖLBREYTT VIÐFANGSEFNI.....	9
RANNSÓKNIR OG MIÐLUN	13
RANNSÓKNIR Á MENNINGARMINJUM	13
<i>Gagnasófn fornleifarannsókna</i>	14
SKRÁNING MENNINGARMINJA.....	15
MIÐLUN.....	15
<i>Útgáfa</i>	15
<i>Samfélagsmiðlar og heimasíða</i>	16
<i>Námskeið</i>	16
<i>Ráðstefnur og fundir</i>	17
INNVIÐAUPPBÝGGING Á FERÐAMANNASTÖÐUM	17
VERNDUN OG FRIDLÝSINGAR	19
FRIDLÝSINGAR	19
TILLÖGUR AÐ FRIDLÝSINGUM.....	19
VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ	19
VERNDARÁÆTLANIR	20
INN- OG ÚTFLUTNINGUR MENNINGARMINJA	21
SAMSTARFSVERKEFNI	22
INNLENT SAMSTARF	22
ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF	23
MINJASVÆÐI	26
REYKJAVÍK OG NÁGRENNI	26
REYKJANES.....	27
VESTURLAND	28
VESTFIRÐIR	29
NORÐURLAND VESTRA	30
NORÐURLAND EYSTRÁ	31
AUSTURLAND.....	32
SUÐURLAND.....	33
ÚTHLUTANIR ÚR SJÓÐUM	34

FORNMINJASJÓÐUR.....	34
HÚSAFRÍÐUNARSJÓÐUR.....	35
FJÁRMÁL.....	37
MINJASTOFNUN ÍSLANDS – REKSTRARREIKNINGUR.....	37
FORNMINJASJÓÐUR – REKSTRARREIKNINGUR	38
HÚSAFRÍÐUNARSJÓÐUR – REKSTRARREIKNINGUR.....	39

Ávarp forstöðumanns

Árið 2020 tók á móti starfsfólki á aðalskrifstofu Minjastofnunar Íslands í Reykjavík með miklum þrengslum. Í lok árs 2019 varð að taka kjallarann úr notkun vegna mikillar myglu sem var í veggjum og víðar. Eldhúsaðstaða var sett upp á miðhæð, bókasafni pakkað að mestu niður og fundarsalur tekinn úr notkun. Starfsfólk var að venjast breyttum aðstæðum þegar nýr veruleiki tók við í lok febrúar, þar sem Vírusinn SARS-CoV-2 sem veldur sjúkdómnum COVID-19 lék aðalhlutverkið. Heimavinna gegnum Teams tók við og sóttkví fyrir suma en til allrar hamingju ekki einangrun eða veikindi.

Minjastofnun Íslands er með starfsstöðvar á sex stöðum á landinu og starfsfólk vant að nota Skype við vinnu sína. Það var því auðvelt að breyta yfir í Teams og vinna saman, að heiman, í gegnum nýtt kerfi. Með Teams jókst dagleg samvinna og samskipti starfsfólksins milli landshluta. Allt samstarf, innlent sem erlent, breyttist einnig. Fundir urðu markvissari og boðið var upp á að taka þátt í fjölda áhugaverðra erlendra sem innlendra ráðstefna og viðburða í gegnum Teams og Zoom. Til að byrja með unnu flestir heima, bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni.

Eftir að lokið var við endurgerð kjallarans í júlí flutti starfsfólk smám saman inn í húsið á ný. Húsinu var skipt upp í þrjú sóttvarnarymi og var hver hæðanna þriggja með séringang, eldhús og salernisaðstöðu. Samskipti milli hæða voru til að byrja með gegnum Teams, en á tímabilum þegar smitum fækkaði voru samskipti milli hæða innan leyfilegra sóttvarnamarka. Tekið var fyrir fundi utanaðkomandi aðila í húsinu allt árið og var boðið upp á fundi gegnum Teams eða úti á vettvangi verkefnanna.

Á haustmánuðum samþykkti Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, friðlýsingu menningarlandslagsins í Þjórsárdal, sem var útvíkkun á eldri friðlýsingu 22 minja í dalnum. Haldin var skemmtileg Þjórsárdalshátíð á Zoom þann 14. október þegar ráðherra undirritaði friðlýsinguna.

Síðla hausts 2020 var lokið við heildarstefnu og langtímaáætlun um verndun og varðveislu menningarminja, en sú vinna hófst árið 2019. Samkvæmt lögum um menningarminjar ber Minjastofnun að leiða vinnu höfuðsafna og helstu safna og stofnana sem vinna að varðveislu menningarminja við gerð slíkrar stefnu og senda tillögu um hana til ráðherra. Stefnan ber heitið: *Menningararfurinn, stefna um varðveislu og aðgengi* og er m.a. [aðgengileg á heimasíðu Minjastofnunar](#).

Í lok árs 2020 hófst stefnumótun um verndun fornleifa og byggingararfs sem Minjastofnun vinnur að með ráðgjafarnefndum sínum; fornminjanefnd og húsafriðunarnefnd og ráðgjafafyrirtækinu Stratagem. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu í lok árs 2021.

Minjastofnun Íslands hefur ekki enn fengið það fjármagn sem óskað hefur verið eftir til að hægt sé að reka stofnunina svo hún uppfylli lögformlegt hlutverk sitt. Í lok árs 2020 sendi stofnunin inn [skýrslu til mennta- og menningarmálaráðuneytis og Alþingis](#) þar sem gerð var grein fyrir stöðu Minjastofnunar Íslands og fyrirrennara hennar frá 2010–2020. Þar kemur fram verulegt ójafnræði milli ríkisstofnana og þess fjármagns sem veitt var til þeirra á þessu tímabili. Þar kemur m.a. fram að uppsöfnuð aukning fjárframlaga til fjögurra tilgreindra ríkisstofnana undanfarin tíu ár hefur verið frá 95 til 257% á sama tíma og aukning til Minjastofnunar var 35%. Um er að ræða stofnanir sem starfa að verkefnum sem Minjastofnun hefur aðkomu að og sem höfðu mun meira



Kristín Huld
Sigurðardóttir
forstöðumaður
Minjastofnunar Íslands.

rekstrarfjármagn í upphafi tímabilsins en Minjastofnun þannig að hækkanir hjá þeim voru verulegar á tímabilinu.

Árinu lauk með skriðuföllum á Seyðisfirði þar sem fjöldi friðaðra og friðlýstra húsa skemmdust eða eyðilögðust. Minjastofnun Íslands tilnefndi fulltrúa í ráðgjafarnefnd um færslu húsa á Seyðisfirði og hefur komið með virkum hætti að vinnslu þess máls.



Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður

Um stofnunina

Mannauðsmál

Fastráðnir starfsmenn stofnunarinnar voru á árinu 18 talsins og fimm til viðbótar voru verkefnaráðnir.

Ýmsar breytingar, stórar og smáar, urðu á starfsmannahópnum og mönnun starfsstöðva á árinu 2020.

María Gísladóttir, arkitekt, fór í barnsburðarleyfi snemma árs. Margrét Þormar, arkitekt, leysti Maríu af frá upphafi árs og fram til 1. desember.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir lét af störfum sem minjavörður Reykjavíkur og nágrennis í árslok. Í nóvember var gengið frá ráðningu arftaka hennar, en það er Henny Hafsteinsdóttir, arkitekt, sem mun koma til starfa á stofnuninni í febrúar 2021.

Hanna Jóhannsdóttir lét af störfum sem ritari um mánaðamótin september/október.

Auglýst var eftir starfsmanni í stöðu skrifstofumanns/aðstoðarmanns fjármálastjóra á haustdögum. Var Sigríður Ósk Birgisdóttir ráðin í kjölfar þeirrar auglýsingar og hóf hún störf þann 1. desember.

Tveir nýir starfsmenn, þau Margrét Valmundsdóttir og Ómar Valur Jónasson, fornleifafræðingar, voru verkefnaráðnir á rannsókn- og miðlunarsvið á haustmánuðum.

Verkefnaráðningar Sólrúnar Ingu Traustadóttur og Ingu Sóleyjar Kristjónudóttur voru framlengdar út árið 2020.

Ragnar Sigurður Kristjánsson var verkefnaráðinn sem starfsmaður á Djúpavogi til 15. nóvember. Starf Ragnars var unnið fyrir styrk frá Bygðastofnun vegna fjarvinnslu gagna.

Ásta Hermannsdóttir, verkefnastjóri, sem staðsett var á Sauðárkróki veturinn 2019–2020, fluttist til Reykjavíkur um miðjan ágúst.

Þrír sumarstarfsmenn voru ráðnir tímabundið í tengslum við atvinnuáttak Vinnuáttastofnunar fyrir háskólanema. Guðný Vilmundardóttir, framhaldsnemi í lögfræði í HR, fékkst við gerð sniðmáta vegna svörunar erinda sem berast stofnuninni, lagatúlkana og samanburð á minjalögum og ýmsum lögum sem skarast á við þau, ásamt fleiru. Arna Inga Arnórsdóttir, nemi í fatahönnun við Listaháskóla Íslands, skapaði litabók um menningarminjar og minjastaði og Jakob Hermannsson, nemi í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands, bjó m.a. til stutt myndbönd með upplýsingum sem minjavarslan vill koma á framfæri, stafrænar myndir af friðlýstum húsum og mannvirkjum og fleira.

Húsnæðismál

Frá því í byrjun nóvember 2019 var kjallari aðalskrifstofu Minjastofnunar við Suðurgötu ónothæfur vegna framkvæmda. Í ljós kom mikil mygla í kjallaranum og þurfti að flytja alla starfsemi úr honum og upp á efri hæðir hússins á meðan komist var fyrir vandamálið og kjallarinn endurinnréttaður. Er hægara sagt en gert að halda hefðbundinni starfsemi gangandi við slíkar aðstæður, enda voru í kjallaranum eini fundarsalurinn í húsinu, sem og kaffistofa, bókasafn, skjalasafn og tvö af fjórum salernum.

Eftir margra mánaða framkvæmdir var loksins hægt að taka kjallarann í notkun í júní 2020. Ákveðið var að gera breytingar á starfseminni í kjallaranum til að mæta þörfum stofnunarinnar fyrir aukið skrifstofupláss og stærri kaffistofu. Nú eru í kjallaranum tvö skrifstofurými þar sem áður voru bókasafn og skjalasafn, stærri kaffistofa, fundarsalur og eitt salerni auk tölvuherbergis/tæknirýmis og geymslu.

Starfsmannaferðir

Engar ferðir voru farnar á árinu, hvorki innan lands né utan, vegna covid-takmarkana.

Ráðgefandi nefndir og minjaráð

Minjastofnun Íslands nýtur ráðgjafar tveggja nefnda; fornminjanefndar og húsafriðunarnefndar, og að auki kveða lög á um að skipa skuli ráðgefandi minjaráð á hverju minjasvæði, mönnum hagsmunaaðilum frá minjasvæðunum. Upplýsingar um minjaráðin má finna [undir hverju minjasvæði á heimasíðu Minjastofnunar](#).

Fornminjanefnd

Í nefndinni sitja fimm aðalmenn og fimm varamenn. Lista yfir þá má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

Nefndin hittist einungis þrisvar á árinu vegna covid-takmarkana, á almennum fundi 15. janúar og á vinnufundum, þar sem farið var yfir umsóknir ársins, 18. og 19. febrúar. Einn fundur að auki var haldinn á Teams þann 19. maí. Önnur samskipti fóru fram gegnum tölvupóst.

Húsafriðunarnefnd

Í nefndinni sitja fimm aðalmenn og fimm varamenn. Lista yfir nefndarmenn má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

Haldnir voru níu fundir á árinu; tveir fundir voru haldnir á aðalskrifstofu Minjastofnunar í Reykjavík, einn fundur var haldinn á aðalskrifstofunni þar sem hluti fundarmanna tók þátt með hjálp fjarfundarbúnaðar, fimm fundir voru haldnir alfarið með hjálp fjarfundarbúnaðar og einn fundur var haldinn í Hjálmarsstofu, Sjóminjasafni Reykjavíkur, þar sem hluti fundarmanna tók þátt með hjálp fjarfundarbúnaðar.

Ekkert varð af árlegri vettvangsferð húsafriðunarnefndar vegna samkomutakmarkana.

Minjaráð

Minjaráðin sem nú sitja eru með skipunartíma 2019–2023. Ekki hefur verið gengið frá skipun í minjaráði Reykjavíkur og nágrennis.

Ein breyting varð á minjaráði Austurlands. Helga Árnadóttir, varafulltrúi skipuð af Minjastofnun, óskaði eftir að vera leyst frá störfum og í stað hennar kom Eyrún Þóra Guðmundsdóttir.

Lista yfir minjaráðsfulltrúa á hverju minjasvæði má sjá á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

Stefnumótunarvinna

Vinna við mótun stefnu um vernd byggingararfs og fornleifa og fornleifarannsóknir hófst í árslok. Stefnan er unnin í samstarfi Minjastofnunar Íslands og fagnefnda, fornminjanefndar og húsafriðunarnefndar, líkt og kveðið er á um í lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Til að aðstoða við vinnuna var fengið ráðgjafafyrirtækið Stratagem, en starfsmenn þess þekkja málaflokkinn vel og hafa unnið að gerð annarra skyldra stefna.

Um verkefnið var skipuð verkefnisstjórn sem samanstendur af dr. Kristínu Huld Sigurðardóttur, forstöðumanni Minjastofnunar, Ástu Hermannsdóttur, verkefnastjóra, Hönnu Rósu Sveinsdóttur, formanni húsafriðunarnefndar, Söndru Sif Einarsdóttur, varaformanni fornminjanefndar, Þórði Sverrissyni, ráðgjafa, og Ásu Karín Hólm, ráðgjafa.

Á árinu lauk einnig vinnu við heildarstefnu í verndun menningararfsins og aðgengi að honum. Sjá nánar í kafla [7.1. Innlent samstarf](#).


Málafjöldi og viðfangsefni

Fjöldi mála

Árið 2020 voru 1423 mál skráð í GoPro.net, málakerfi stofnunarinnar. Það eru nákvæmlega 100 fleiri mál en árið 2019, þegar 1323 mál voru skráð í kerfið. Árið 2018 voru málin 1335. Tekið skal fram að fjöldi mála gefur einungis ákveðna innsýn í starfsemi stofnunarinnar. Mörg verkefni ná yfir fleiri en eitt ár auk þess sem hluti starfseminnar, sem snýr t.a.m. að útgáfu og miðlun, ráðgjöf og leiðbeiningum, ratar ekki inn í málaskráningarkerfið.



Fjölbreytt viðfangsefni

Viðfangsefni Minjastofnunar eru margvísleg og dreifast um allt landið. Fjölgun er í skráðum málum á öllum minjasvæðum, nema á Vesturlandi þar sem málafjöldi stendur í stað. Langmest fjölgun mála er á Austurlandi, en þar fjölgaði málum um 37% á milli ára.




Mál tengd umsóknum í húsafriðunar- og fornminjasjóði eru 325 á árinu og almenn mál tengd viðhaldi og varðveislu menningarminja, sem og mál er varða viðhald, endurbætur og forvörslu menningarminja, eru samtals 110 undir tveimur málalyklum, en þau voru tæplega 100 árið 2019.

Eitt af mikilvægustu verkefnum Minjastofnunar Íslands er eftirlits- og umsagnarhlutverk stofnunarinnar varðandi ýmiss konar skipulagsvinnu og framkvæmdir. Er þær allt frá breytingum á friðuðum, friðlýstum húsum og umsagnarskyldum húsum og mannvirkjum að mati á umhverfisáhrifum stórra byggingarframkvæmda og skipulagi sveitarfélaga. Samtals voru skráð 887 slík mál á árinu, undir sex málalyklum. Mikil fjölgun sést á milli ára í þessum málum, en árið 2019 voru 776 mál skráð undir sömu málalykla.



Undir ýmsar framkvæmdir falla t.a.m. byggingarreitir utan deiliskipulags, línulagnir, skógrækt og aðrar framkvæmdir sem hafa jarðrask í för með sér. Hlutfallslega flest framkvæmdamál eru skráð á Austurlandi á árinu en fæst á Suðurlandi.



Undir umhverfismat falla öll mál er tengjast umhverfismati, þ.e. umsagnir um umhverfismat, umhverfismatsskyldu og tillögur að matsáætlunum. Umhverfismatsmál eru hlutfallslega flest á Suðurlandi en fæst á Vesturlandi og Norðurlandi vestra.



Langflest mál er varða breytingar á húsum eru skráð á minjasvæði Reykjavíkur og nágrennis. Annars staðar á landinu er fjöldinn nokkuð jafn. Athygli vekur að umsóknir um niðurrif/flutning húsa eru ekki fleiri í Reykjavík og nágrenni en annars staðar á landinu.

Rannsóknir og miðlun

Rannsóknir á menningarminjum


Útgefin leyfi til fornleifarannsóknna voru 44 á árinu 2020. Það er dálítill fækkun frá árinu 2019 en þá voru gefin út 52 leyfi. Af þessum 44 leyfum voru 27 rannsóknir vegna framkvæmda, 16 vísindarannsóknir og ein björgunarrannsókn. Björgunarrannsóknin var framkvæmd í Sandvík á Ströndum, þar sem forn öskuhaugur, ásamt mannvirkjum frá svipuðum tíma, er að brotna í sjó fram. Vísindarannsóknnum hefur fækkað mikið á þessu ári miðað við undangengin ár, sem skýrist líklega af því að hlutfallslega var fleiri styrkjum veitt úr fornminjasjóði til úrvinnslu og skila á gögnum og rannsókna sem ekki krefjast uppgrafter fyrir árið 2020 en árin áður.

Ár	Veitt leyfi	Þar af vísindarannsóknir
2015	46	26
2016	55	36
2017	59	34
2018	63	34
2019	52	22
2020	44	15


Sé horft á minjasvæðin fóru flestar rannsóknir fram í Reykjavík og nágrenni, en 13 leyfi voru gefin út fyrir það svæði. Þar af eru níu vegna framkvæmdarannsóknna. Á öðrum minjasvæðum er skipting á milli vísindarannsóknna og rannsókna vegna framkvæmda nokkuð jöfn ef frá er talið Austurland en þar voru sjö rannsóknir vegna framkvæmda og ein vísindarannsókn. Skilgreiningu á tegundum rannsókna má sjá á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

[Yfirlit yfir veitt rannsóknarleyfi 2020 má sjá á heimasiðu stofnunarinnar.](#)

Hlutfall leyfa eftir minjasvæðum



Hlutfall leyfa eftir tegundum



Könnunarrannsóknir gerðar af starfsfólki Minjastofnunar Íslands voru fimm á árinu, allt borkjarnarannsóknir.

Gagnasöfn fornleifarannsókna

Í október 2018 hófst átak í eftirfylgni með skilum á gagnasöfnum úr fornleifarannsóknum og fékkst til þess sérstakt fjármagn. Átakið hélt áfram út árið 2019 en er nú formlega lokið. Árið 2020 var hins vegar haldið áfram að kalla eftir þeim skýrslum úr fornleifarannsóknum sem fóru fram á árunum 2000–2012 og ekki hefur verið skilað til Minjastofnunar.

Í úthlutun fornminjasjóðs var, annað árið í röð, lögð áhersla á að veita styrki til verkefna er sneru að skilum frumgagna og gripa úr fornleifarannsóknum. Hlutu þrjú slík verkefni styrk, samtals að upphæð 5.610.000 kr. Alls er um að ræða skil úr 12 rannsóknum sem fóru fram á árunum 1987–2015 en fjöldi gripa hleypur á tugum þúsunda. Einnig voru veittir þrír styrkir til úrvinnslu og útgáfu fornleifarannsókna, alls að upphæð 7.650.000 kr. (styrkur til útgáfu Árbókar Hins íslenska fornleifafélags er ekki inni í þessari upphæð).

Skráning menningarminja

Talsverð gróska var í fornleifaskráningu og bárust Minjastofnun 83 fornleifaskráningarskýrslur útgefnar á árinu, ásamt tilheyrandi gögnum.

Áfram var unnið að þróun minjavefsjár Minjastofnunar sem undir lok árs innihélt upplýsingar um 12.233 fornleifar.

Einnig var unnið að því að tengja gögn á vefsíðunni við Landupplýsingagátt Landmælinga Íslands og lauk þeirri vinnu í október með því að Landupplýsingagáttin tengdist gagnagrunni Minjastofnunar í gegnum WMS-þjónustu. Verður þessi aðgerð að teljast nokkur bragarbót þar sem hún mun gefa notendum færi á að skoða fornleifaskráningargögn í samhengi við fjöldann allan af landupplýsingagögnum af öðru tagi. Til að mynda auðveldar hún vinnu Minjastofnunar við að skilgreina minjar í hættu vegna náttúruvárs.

Kærkominn liðsauki barst Minjastofnun á vordögum þegar starfsmönnum fornleifaskráningardeildar fjölgaði um tvo. Með því var hægt að blása lífi í ýmis verkefni sem setið hafa á hakanum sökum manneklu. Meðal annars var hafist handa við átaksverkefni sem miðaði að því að tengja allar fornleifaskráningarskýrslur í fórum Minjastofnunar við minjavefsjána. Felst verkefnið í því að hafa uppi á rafrænum eintökum af skýrslunum (skýrslur frá 1983 til dagsins í dag) og koma þeim inn á þar til gerðan vefþjón þaðan sem skýrslurnar eru tengdar vefsíðunni í gegnum vefslóðir. Hefur þetta verkefni gengið vel og var hlutfall skýrslna á vefsíðunni, af heildarfjölda í fórum Minjastofnunar, 65% í lok árs en var 38% þegar verkefnið hófst. Markmiðið er að hlutfallið verði 95% að jafnaði á ári hverju, en alltaf má gera ráð fyrir að einhverjar skýrslur séu enn í vinnslu þegar mæling á framvindu er gerð hverju sinni.

Um haustið var svo hafist handa við verkefnið „Kortlagning minja á Íslandi“. Ekki er um að ræða eiginlega fornleifaskráningu, heldur er markmiðið að skapa Minjastofnun betri yfirsýn á minjastaði á landinu með kortlagningu örnefna sem þykja benda til minja. Felst verkefnið í því að farið er kerfisbundið yfir örnefnagrunn Landmælinga Íslands og örnefni sem þykja benda á minjar auðkennd og færð í sérstakan landupplýsingagrunn. Í framhaldinu verður svo farið kerfisbundið yfir Herforingjaráðskort Dana í sama tilgangi og fyllt upp í það sem vantar upp á í örnefnagrunni LMÍ. Er ætlunin að þessu verkefni verði að fullu lokið árið 2023.

Miðlun

Starfsmenn Minjastofnunar skrifuðu sem fyrr [greinar](#) í innlend og erlend tímarit og bækur, [héldu fyrirlestra](#) og kenndu á ýmsum námskeiðum. Lista yfir fyrirlestra, greinar og slíkt má finna undir *Gagnasafn* á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

Útgáfa

Minjastofnun gaf út níu rafræn [fréttabréf](#) á árinu. Áskrifendur að fréttabréfinu eru rúmlega 400 talsins, einstaklingar sem og stofnanir/fyrirtæki.

Gefin var út [viðbragðsáætlun stofnunarinnar vegna COVID-19](#).

Gefin voru út yfirlit yfir fornleifarannsóknir sem höfðu jarðrask í för með sér á árunum 2018 og 2019. [Yfirlitin má nálgast hér](#).

Nathalie Jacqueminet, forvörður, vann fyrir Minjastofnun leiðarvísu um gerð viðbragðsáætlunar við vá í friðlýstum kirkjum. Leiðarvísunum fylgir sniðmát á Word-formi sem hægt er að nota sem grunn fyrir vinnslu viðbragðsáætlana af þessu tagi. [Leiðarvísinn og sniðmátið má nálgast hér](#).

Sumarið 2020 voru tveir nemar ráðnir, með styrk frá Vinnuálastofnun, til að vinna kynningarefni fyrir Minjastofnun; Jakob Hermannsson og Arna Inga Arnórsdóttir sem bæði stunda nám við Listaháskóla Íslands. Meðal verkefnanna sem þau unnu voru myndbönd, teikningar og litabók um menningarminjar. [Þau má finna hér](#).

Samfélagsmiðlar og heimasíða

Minjastofnun heldur úti síðum á tveimur samfélagsmiðlum; [Facebook](#) og [Instagram](#). Miðlarnir eru nýttir bæði til þess að koma upplýsingum um starfsemi stofnunarinnar hratt og örugglega til almennings í nútíma, starfrænu samfélagi, en einnig til að miðla öðru áhugaverðu efni, bæði innlendu og erlendu.

Ljósmyndapátturinn *Fyrir og eftir* hóf göngu sína á árinu á *Instagram* þar sem sýndar voru endurgerðir/viðbætur á friðuðum og friðlýstum húsum víðs vegar af landinu. Flest húsanna hafa hlotið styrk úr húsafriðunarsjóði eins og t.d. Sandhús í Mjóafirði sem sjá má hér fyrir neðan.



Sandhús í Mjóafirði. Byggingarár: 1884-86. Myndin til vinstri er tekin árið 2009.

© Guðlaug Vilbogadóttir. Myndin til hægri er tekin eftir endurbætur árið 2019.

© Unnar Sveinlaugsson.

Fræðsluliðurinn *Minjar mánaðarins* hófst í byrjun árs 2020 og voru birtar á heimasíðunni sex færslur um hinar ýmsu menningarminjar sem skiptust á jafn marga mánuði, eða janúar-júní. Hægt er að nálgast þær [hér](#). Vegna anna starfsmanna náðist ekki að halda þessum lið gangandi út árið en hann hófst þó aftur á nýju ári, 2021.

Námskeið

Fjórir starfsmenn Minjastofnunar skiptu á milli sín kennslu á námskeiðinu *Vernd menningarminja á Íslandi – lagaumhverfi og stjórnsýsla* við Hugvísindasvið Háskóla Íslands á haustönn. Markmiðið með námskeiðinu var að veita nemendum í fornleifafræði innsýn í minjavernd og viðfangsefni hennar frá sjónarhóli stjórnsýslunnar.

Þrír starfsmenn Minjastofnunar kenndu á landvarðanámskeiði Umhverfisstofnunar í byrjun febrúar, líkt og undanfarin ár. Markmið námskeiðsins er að tryggja framboð af hæfum landvörðum til starfa á friðlýstum

náttúruverndarsvæðum. Á námskeiðinu var m.a. farið yfir sögu minjavörslu á Íslandi og hlutverk Minjastofnunar. Einnig var fjallað um helstu fornleifar á Íslandi, þær hættur sem stöðja að þeim og hvernig hægt er að hafa eftirlit á slíkum hættusvæðum.

Tveir starfsmenn Minjastofnunar kenndu á námskeiðinu *Skipulag og undirbúningur á ferðamannastöðum* hjá Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem farið var yfir atriði sem þarf að hafa í huga varðandi menningarminjar þegar kemur að vinnu vegna uppbyggingar á ferðamannastöðum. Dæmi voru tekin um hvað ber að hafa í huga og hvað ber að varast í því flókna uppbyggingarferli sem margir aðilar koma að.

Minjavörður Vesturlands kenndi á skógræktarnámskeiði á vegum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri þann 26. september þar sem farið var yfir verndun fornminja í skógrækt.

Á haustmánuðum 2020 stóð til að halda sams konar námskeið um skráningu húsa og mannvirkja og gerð húsakannana og haldið var í nóvember 2019 í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands. Vegna samkomu- og fjöldatakmakana var ákveðið að fresta námskeiðinu til vors 2021.

Ráðstefnur og fundir

Ársfundur Minjastofnunar Íslands fór fram með óvenjulegum hætti að þessu sinni. Fundurinn var haldinn með stafrænum hætti á Zoom og gengu fundahöldin vel á þessum nýstárlega vettvangi. Á fundinum voru haldin fjögur erindi sem öll tengdust handhafa minjaverndarviðurkenningarinnar sem veitt var á fundinum. Sérlega ánægjulegt var að mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, sá sér fært að mæta á fundinn, ávarpa hann og veita minjaverndarviðurkenningu Minjastofnunar Íslands.

Minjaverndarviðurkenningin var að þessu sinni veitt Þorsteini Gunnarssyni, arkitekt, fyrir brautryðjendastarf á sviði endurgervingar sögulegra bygginga og fyrir áratuga rannsóknir á íslenskri húsagerðarsögu.

[Hér má finna upptöku af ársfundinum.](#)

Lokaráðstefna samstarfsverkefnisins Adapt Northern Heritage var haldin rafrænt dagana 5.–6. maí. Á ráðstefnunni var fluttur fjöldi erinda um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á minjar, landslag og gömul hús. Minjastofnun hefur verið þátttakandi í Adapt Northern Heritage frá árinu 2017.

Innviðaupbygging á ferðamannastöðum

Minjastofnun fékk á árinu 2020 fjármagn úr Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum – Verkefnaáætlun 2020–2023 til að koma til móts við aukinn kostnað í tveimur stórum verkefnum sem áður höfðu hlotið styrk. Auk þess fékk stofnunin styrk til að vinna að sex nýjum verkþáttum á fjórum stöðum á árunum 2021–2022.

Á árinu lauk framkvæmdum við Gömlu-Brekkurétt við Grábrók, þar sem aðgengi var lagað að réttinni og skilti sett upp við útsýnisstað, Krosslaug í Lundarreykjadal þar sem umhverfi laugarinnar var lagað og sett upp skilti við bílastæði og Djáknadys í Hamarsfirði þar sem sett var upp upplýsingaskilti og afmörkun við dysina. Lagfæringar á Fjánhelli og Hlöðuhelli á Ægissíðu klárudust að mestu á árinu auk þess sem lagfæringar voru gerðar á fjárborg í Mjóafirði og einungis á eftir að koma þar fyrir skilti til að framkvæmdinni teljist lokið. Gengið

var frá deiliskipulagi á Gásum í Eyjafirði og er næsta skref þar að ljúka vinnu við verndaráætlun fyrir svæðið.

Verndun og friðlýsingar

Friðlýsingar

Að tillögu Minjastofnunar Íslands friðlýsti mennta- og menningarmálaráðherra (mmr.) eftirtaldar menningarminjar á árinu 2020:

Menningarlandslag í Þjórsárdal. Friðlýsingin tekur til minja 22 fornþýla í dalnum, sem áður voru friðlýst, umhverfis þeirra og annarra minja sem nú eru aldursfriðaðar samkvæmt minjalögum og umhverfis þeirra. Skjal ráðherra undirritað 14. október 2020, sbr. bréf mmr. 5. nóvember 2020.

Flugskýli 1, Reykjavíkurflugvelli. Friðlýsingin tekur til stálburðargrindar og upprunalegra rennihurða á göflum skýlisins. Skjal ráðherra undirritað 3. febrúar 2020, sbr. bréf mmr. 21. febrúar 2020.

Laxabakki, Öndverðarnesi 2, sumarhús Ósvalds Knudsen. Friðlýsingin tekur til ytra borðs sumarhússins Laxabakka, fastra innréttinga þess sem varðveist hafa, bátaskýlis við bakka Sogs og lóðar hússins, 10.000 fm að stærð, sem sérgreind er í Fasteignaskrá (L170095) og skráð er sem þinglýst eign Íslenska bæjarins ehf. í þinglýsingabók Sýslumannsins á Suðurlandi. Skjal ráðherra undirritað 5. maí 2020, sbr. bréf mmr. 13. maí 2020.

Háskólinn á Bifröst, elsti hluti, samkomuhús og gistiálma. Friðlýsingin tekur til ytra borðs samkomuhúss frá 1950, ytra borðs viðbyggðrar gistiálmu frá 1955, veggfastra innréttinga í samkomusal og setustofu samkomuhúss, ytra borðs tengigangs milli samkomuhúss og gistiálmu og veggmyndar á tengigangi eftir Hörð Ágústsson listmálara. Skjal ráðherra undirritað 21. maí 2020, sbr. bréf mmr. 18. júní 2020.

Tillögur að friðlýsingum

Engar nýjar tillögur að friðlýsingum voru sendar mennta- og menningarmálaráðuneyti á árinu.

Verndarsvæði í byggð

Minjastofnun veitir mennta- og menningarmálaráðherra umsagnir um verndarsvæði í byggð. Ráðherra staðfesti tillögur fimm sveitastjórna um sex verndarsvæði í byggð á árinu: Þórkötlustaðahverfi í Grindavík, Framdalurinn í Skorradal, Hofsós og Sauðárkrókur í Skagafirði, vesturhluti þorpsins í Vík í Mýrdal og Krókskotstún – Landakotstún í Sandgerði, nú í Suðurnesjabæ.

Minjastofnun veitti sem áður sveitarfélögum ráðgjöf varðandi gerð tillögu að verndarsvæði í byggð, og leiðbeiningar um gerð húsakannana og fornleifaskráningar, sem eru hluti af vinnu við tillögugerðina.


Engar umsóknir bárust um styrki úr húsafriðunarsjóði til að gera tillögu að verndarsvæði árið 2020.

Verndaráætlanir

Engar nýjar verndaráætlanir voru gefnar út á árinu en unnið var að gerð verndaráætlana fyrir Surtshelli í Borgarfirði og Skrúð í Dýrafirði. Hafin var vinna við undirbúning verndaráætlana fyrir minjasvæðið á Gásum í Eyjafirði og menningarlandslag í Þjórsárdal.

Inn- og útflutningur menningarminja

Árið 2020 bárust alls 10 umsóknir um leyfi til útflutnings menningarverðmæta. Tvö leyfi voru veitt til tímabundins útflutnings gripa og sýna úr fornleifauppgröftum til rannsókna erlendis. Eitt leyfi var veitt til tímabundins útflutnings til sýningar erlendis. Fjögur leyfi voru veitt til endanlegs útflutnings menningarverðmæta, tvö leyfi til útflutnings sýna til eyðandi greiningar og tvö til útflutnings menningarverðmæta í söluskygni. Eitt leyfi var veitt til útflutnings erlendra gripa eftir rannsókn hérlandis og eitt leyfi til útflutnings listaverks til eiganda erlendis. Hvert leyfi getur átt við fleiri en einn grip/sýni. Nánari upplýsingar um skilyrði leyfa og umsóknareyðublöð má finna á [heimasíðu Minjastofnunar Íslands](#).



Auk þess að fjalla um útflutning menningarverðmæta skv. 44.–50. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 annast Minjastofnun Íslands framkvæmd laga um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011. Tilgangur þeirra er að tryggja skil á menningarverðmætum hafi þau verið flutt til Íslands með ólögnum hætti. Minjastofnun Íslands tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og skal hafa náð samstarf og samráð við þau stjórnvöld svo og við alþjóðlegar stofnanir er láta sig málið varða. Þá skal stofnunin leitast við að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins án leyfis, sé kunnugt um þá. Skulu lögregluvöld aðstoða við þá leit ef þörf er á. Tollyfirvöld eiga einnig tafarlaust að tilkynna Minjastofnun Íslands um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins.

Samstarfsverkefni

Minjastofnun Íslands tekur þátt í fjölda innlendra og erlendra samstarfsverkefna með öðrum stofnunum, sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum. Hér á eftir eru upplýsingar um nokkur þeirra.

Innlent samstarf

Minjastofnun Íslands á fasta fulltrúa í kirkjugarðaráði, ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og Breiðafjarðarnefnd.

- Forstöðumaður er fulltrúi stofnunarinnar í kirkjugarðaráði.
- Ásta Hermannsdóttir, verkefnastjóri, situr í ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, þar er minjavörður Vesturlands, Magnús A. Sigurðsson, varamaður.
- Minjavörður Vesturlands er fulltrúi stofnunarinnar í Breiðafjarðarnefnd og er Agnes Stefánsdóttir, sviðsstjóri, varamaður.

Aðrir samstarfshópar/nefndir:

- María Gísladóttir, verkefnastjóri, situr í Samstarfshópi um eflingu fagþekkingar, hönnunar og samræmingar við uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum. Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands, er varamaður og sat hann flesta fundi hópsins á árinu fyrir hönd Minjastofnunar.
- Verkefninu „Ritmenning íslenskra miðalda“ (RÍM) var formlega hleypt af stokkunum 22. ágúst 2020. Þar er um að ræða verkefni til fimm ára en meginmarkmið þess er að efla rannsóknir sem tengjast þeim stöðum á Íslandi þar sem ritmenning blómstraði á miðöldum. Rannsóknir þessar munu m.a. tengjast fornleifafræði, sagnfræði, textafræði og bókmenntafræði. Agnes Stefánsdóttir sviðsstjóri á Minjastofnun var skipuð formaður úthlutunarnefndar sjóðsins.

Samstarfsverkefni:

Eitt stærsta samstarfsverkefni ársins verður að teljast vinna við heildarstefnu um verndun menningararfsins. Verkefnið hófst um mitt ár 2019 og lauk í árslok 2020. Stefnan var unnin skv. 7. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og komu að vinnslu stefnunnar tíu helstu stofnanir og söfn á sviði menningararfs á Íslandi: Kvikmyndasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands, Listasafn Íslands, Minjastofnun Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Safnaráð, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Stefnan var unnin með aðstoð ráðgjafafyrirtækisins Stratagem.

Húsverndarstofa er samvinnuverkefni Minjastofnunar Íslands, Borgarsögusafns og Iðunnar fræðsluseturs. Veitt er ókeypis ráðgjöf vegna eldri húsa og sitja arkitektar á vegum Minjastofnunar og Borgarsögusafns þar fyrir svörum. María Gísladóttir, verkefnastjóri, sinnir Húsverndarstofu á Árbæjarsafni fyrir hönd Minjastofnunar.

Minjastofnun fékk styrk á Byggðaáætlun til nokkurra ára til að styðja við verkefni í héraði sem snúa að nýtingu menningarminja. Á árinu 2020 var farið af stað með tvö verkefni, annars vegar í Árneshreppi en þar voru minjar á jörðinni Kúvíkum mældar upp og teknar drónamyndir sem nýttast heimamönnum við uppbyggingu og/eða nýtingu á staðnum. Á Bakkafirði var unnið að fornleifaskráningu

hafnarsvæðisins og einnig var vigtarhús við höfnina tekið út og gerðar teikningar en heimamenn hafa hugmyndir um að nýta húsið til að gera sögu staðarins góð skil. Minjavörður Norðurlands eystra tók þátt í íbúafundi í Óxarfjarðarhéraði tengdum sama verkefni og í kjölfar hans er verið að undirbúa verkefni sem unnið verður á árinu 2021.

Á árinu kom Minjastofnun að verkefnum tengdum *Nýsköpun í Norðri* sem er verkefni tengt sameiningarvinnu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps en markmið þess er að auka nýsköpun innan svæðisins. Aðkoma Minjastofnunar hefur að mestu tengst ráðgjöf og fræðslu varðandi nýtingu menningarminja til nýsköpunar á svæðinu, bæði með fundum á svæðinu, sem og á rafrænum íbúðafundum.

Alþjóðlegt samstarf

Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands situr árlega fundi forstöðumanna minjastofnana Norðurlanda (Nordic Heritage Heads Forum, NHHF) – sem áður nefndust fundir þjóðminjavarða Norðurlanda – og fundi forstöðumanna minjastofnana Evrópu (European Heritage Heads Forum, EHHF).

NHHF – Til stóð að halda fund forstöðumanna Minjastofnana á Norðurlöndunum (NHHF) í Röros í Noregi í ágúst 2020. Þeim fundi var frestað en í staðinn var haldinn Teams-fundur þann 28. ágúst þar sem forstöðumennirnir ræddu málin. Auk covid var helsta umfjöllunarefnið menningarminjar og loftslagsbreytingar.

EHHF – Til stóð að halda fund forstöðumanna minjastofnana í Evrópu (EHHF) í Tallin árið 2020. Vegna covid var fundinum frestað þar til í september 2021. Þrátt fyrir það voru haldnir netfundir á Zoom í janúar og september 2020 þar sem málefni minjastofnana á tímum covid voru rædd og forstöðumennirnir deildu reynslu sinni og starfsmanna sinna.

EAC – Minjastofnun Íslands hefur undanfarin ár átt fulltrúa í stjórn EAC – European Archaeological Council, samtökum evrópskra stjórnsýslustofnana sem bera ábyrgð á fornleifaarfinum. Samtökin halda úti öflugri starfsemi og blómlegri útgáfu um hin ýmsu málefni minjavörslunnar og hefur Minjastofnun tekið þar virkan þátt. Aðalfundur samtakanna er haldinn einu sinni á ári og í tengslum við það er haldið veglegt málþing sem að þessu sinni fór fram í Prag dagana 4.–7. mars 2010. Yfirskrift þingsins var *Archaeology and Public Benefit: Moving the debate forward*. Þór Hjaltalín situr nú í stjórn samtakanna en þurfti að boða forföll á þennan viðburð á síðustu stundu vegna COVID-19. Þór leiðir vinnuhóp sem ber heitið *Articulating Significance of Archaeological Sites*. Er þar um að ræða samstarf 11 landa þar sem leitast er við að draga fram sjónarmið og þróa aðferðir við mat á gildi minja og vonast er til að geti orðið nytsamlegt verkfæri minjavörslunnar í framtíðinni. Stóð til að halda vinnufund hópsins í Prag, en í ljósi aðstæðna fór hann fram á Zoom. Auk aðalfundar eru haldnir tveir stjórnarfundir á ári sem fóru eingöngu fram á netinu þetta árið.

EHLF – Ekki voru sóttir fundir hjá EHLF á árinu.

EHD – Minjastofnun tók þátt í Menningarminjadögum Evrópu líkt og fyrri ár. Var þema ársins „menningararfur og fræðsla“ („Heritage and Education“). Vegna þeirrar fordæmalausu stöðu sem uppi var í samfélaginu vegna heimsfaraldurs COVID-19 og sóttvarnaráðstafana hans vegna var ekki hægt að halda Menningarminjadaga Evrópu á Íslandi með hefðbundnu sniði þetta árið. Menningarminjadagarnir áttu að fara fram hér á landi vikuna 21.–28. ágúst en

skiljanlega héldu viðburðahaldarar að sér höndum vegna ástandsins og þess flækjustígs sem óhjákvæmilegt er þegar skipuleggja á viðburði á slíkum óvissutímum. Því var ákveðið að hafa enga opna viðburði í tengslum við Menningarminjadagana þetta árið heldur nýta það frábæra efni sem lá eftir sumarstarfsmenn Minjastofnunar og kynna menningarminjar á stafrænu formi þessa viku. Notaðar voru Facebook-síður Minjastofnunar og Menningarminjadaga Evrópu á Íslandi og virðast færslurnar hafa fallið í góðan jarðveg hjá fylgjendum síðnanna og fengu margar þeirra mikla dreifingu utan þeirra. Öllum hlutadeigandi aðilum þótti leitt að ekki væri hægt að hafa viðameiri dagskrá í ár, en í ljósi aðstæðna var það ekki talið skynsamlegt.

NBM – Minjastofnun Íslands á fulltrúa í vinnuhópi um líffræðilegan fjölbreytileika (NBM), en verkefni hópsins er að leitast við að vernda eða draga úr tapi á lífbreytileika ásamt að stuðla að sjálfbærri nýtingu og vinna gegn skerðingu náttúru og menningarlandslags. Hópurinn var settur á laggirnar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar til að hrinda í framkvæmd *Samstarfsáætlun Norðurlandanna í umhverfis- og loftslagsmálum 2019–2024*, sem jafnframt er starfstími vinnuhópsins. Agnes Stefánsdóttir er fulltrúi Minjastofnunar í hópnum. Tveir fundir voru haldnir á árinu, sumarfundur 25.–26. ágúst og vetrarfundur 7.–8. desember, báðir á Teams vegna covid-takmarkana. Auk þess sat Agnes nokkra kynningar/vinnufundi verkefna sem styrkt hafa verið af hópnum.

CINE – Tenging náttúru- og menningarminja í umhverfi norðurslóða – *Connected Culture and Natural Heritage in the Northern Environment*. Verkefninu átti á ljúka á árinu en vegna COVID-19 fékkst frestur fram í byrjun árs 2021 til að ljúka öllum þáttum þess. Tengiliðir Minjastofnunar í verkefninu sátu fjárfundi á árinu með öðrum íslenskum aðilum í verkinu. Stefnt var að því að hafa viðburð tengdan verkefninu á menningarminjadögum Evrópu en vegna samkomutakmarkana var hætt við það. Minjastofnun hélt ásamt háskólanum í St. Andrews áfram að vinna að hliðarverkefni CINE sem er smáforrit í síma sem kallast Muninn. Var Muninn gefinn út í Beta-útgáfu fyrir Android-síma í árslok. Smáforritinu er ætlað að gera skráðar fornleifar aðgengilegri almenningi og gera almenningi að sama skapi kleift að bæta við upplýsingum um fornleifar í landinu, sem birtast þá í smáforritinu.

ANH – Verkefninu *Adapt Northern Heritage* eða *Aðlögun menningarminja á norðurslóðum að loftslagsbreytingum*, lauk í maí og átti að halda stóra ráðstefnu af því tilefni í Edinborg. Ákveðið var að halda ráðstefnuna í gegnum fjárfundarbúnað og var það gert dagana 5. og 6. maí. Vel þótti takast til og er ljóst að mun fleiri gátu með þeim hætti setið ráðstefnuna og tekið þátt í umræðum en annars hefði verið. Upptökur af ráðstefnunni er hægt að nálgast á [heimasíðu Minjastofnunar](#). Einnig er hægt að fræðast um verkefnið og afurðir þess á [heimasíðu verkefnisins](#).

ESPO – Minjastofnun er þátttakandi í alþjóðlegu verkefni (ESPO) sem snýr að því að rannsaka hvernig heimamenn sjá og meta minjastaði í sínu nánasta umhverfi. Svæðið sem verður rannsakað á Íslandi nær yfir Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit. Verkefnið er tvíþætt þar sem annars vegar er gerð rannsókn á hagrænu gildi minjastaða og samfélagslegu gildi hins vegar. Minjastofnun hefur fengið Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Rannsóknarmiðstöð ferðamála til þess að vinna rannsóknina. Nálgunin felur meðal annars í sér spurningakannanir og rýnihópavinnu.

Niðurstöðurnar munu nýtast á margvíslegan hátt. Þær geta meðal annars gefið góðar upplýsingar um hvernig menningarminjar í héraði geta gagnast íbúum og einnig leitt af sér frjóar hugmyndir varðandi nýtingu á menningararfi fyrir ýmsa starfsemi. Verkefninu lýkur á árinu 2022.

Minjasvæði

Reykjavík og nágrenni



*Fornleifafræðingar
við
framkvæmdaefirlit í
porti við
Nýlendugötu/
Norðurstíg. Aðeins
vestar stóð bærinn
Hlíðarhús til forna.
Myndin er tekin til
vesturs.*

Verkefni ársins voru sem fyrr fjölbreytt og þau helstu snertu ráðgjöf og umsagnir um breytingar á húsum og mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um menningarminjar; friðlýst, aldursfriðuð og umsagnarskyld húsum og mannvirki. Vegna heimsfaraldurs var vinnulagi breytt, minjavörður vann heima hluta ársins, samskipti fóru að mestu fram í formi fjarfunda og vettvangsferðum var haldið í lágmarki.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir minjavörður lauk störfum í lok árs og var Henny Hafsteinsdóttir arkitekt ráðin nýr minjavörður. Tekur hún við störfum á nýju ári.

Allmargar skipulagstillögur komu til umsagnar á árinu og einnig húsakannanir sem voru unnar vegna gerðar aðalskipulags, deiliskipulags og framkvæmda. Meðal þess var nýtt aðalskipulag Kópavogs sem er í vinnslu, þar sem meðal annars var fjallað um framtíð útvarpsstöðvarinnar á Vatnsenda, sem og nýtt deiliskipulag Elliðaárdals og breytingar á mannvirkjum Rafstöðvarinnar við Elliðaár þar sem fyrirhugað er að verði fræðslusetur. Unnið var að breytingum á einu elsta húsi í borginni, Austurstræti 20, og þar gerð byggingarsöguleg rannsókn með styrk úr húsafriðunarsjóði.

Skipulag fyrir iðnaðarsvæði í Álfsnesi á Kjalarnesi var samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur og staðfest af Skipulagsstofnun þrátt fyrir alvarlegar athugasemdir Minjastofnunar, sem hefur ítrekað bent á að í Álfsnesi og við Þerneyjarsund er að finna merkar menningarminjar og búsetu- og menningarlandslag og minjar um kauphöfn frá miðöldum og búsetu á svæðinu fram á 20. öld. Framkvæmdir voru hafnar án þess að framkvæmdaleyfi hefði komið til umsagnar Minjastofnunar, sem stöðvaði framkvæmdir. Í framhaldi af því fór fram frekari könnun á

fornleifum á landi og í sjó. Til skoðunar var að friðlýsa svæðið og tillaga þess efnis send hagsmunaaðilum, en niðurstaða er ekki komin í málið.

Fornleifarannsóknir á minjasvæðinu voru sem fyrr að meginhluta framkvæmdarannsóknir. Þar má nefna framkvæmdaefirlit við endurnýjun lagna í Tryggvagötu, Norðurstíg og Nýlendugötu í Reykjavík. Fornleifarannsókn sem Borgarsögusafn stendur fyrir um fornar rætur Árbæjar hélt áfram. Fornleifauppgreftri lauk á lóð Stjórnarráðsins við Lækjargötu þar sem fyrirhugað er að reisa viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið. Fornleifakönnun á bæjarstæði Ártúns á Kjalarnesi var gerð vegna breikkunar Vesturlandsvegur.

Landsréttur staðfesti dóm Héraðsdóms í máli eiganda Holtsgötu 5 í Reykjavík gegn ríkinu. Eigandi Holtsgötu áfrýjaði dómmum til Hæstaréttar þar sem málinu var vísað frá. Var málinu þess í stað vísað til matsnefndar eignarnámsbóta.

Reykjanes



Vatnstankur við
Melhólabraut.

Minjasvæðið nær yfir Hafnarfjörð og Gardabæ auk Suðurnesja. Árið var um margt óvenjulegt enda setti COVID-19 mark sitt á framkvæmd minjavörslunnar. Verulega dró úr vettvangsferðum og fundir færðust almennt yfir á Teams og Zoom. Flest afgreiðslumálin voru hins vegar býsna hefðbundin umsagnarmál um skipulag og framkvæmdir og lítið um sérstök átakamál á árinu.

Á Reykjanesinu er nú horft til tveggja svæða sem ástæða er til að skoða betur með tilliti til friðlýsingar. Annað er Pattersonflugvöllur, sem fjallað var nokkuð um í ársskýrslu 2019, en hitt snýr að útvíkkun á friðlýsingu Reykjanesvita, en menningarlandslagið umhverfis vitann er um margt einstakt og geymir minjar um búsetu og starfsemi vitavarða á svæðinu auk rústa fyrsta ljósvitans sem reistur var uppi á Valahnúk árið 1878. Verða hugmyndir að báðum þessum friðlýsingum ræddar og kynntar fyrir sveitarfélaginu.

Minjavörður hefur leitast við að kynna málefni minjavörslunnar á svæðinu með fyrirlestrum og leiðsögn en segja má að slík starfsemi hafi að mestu legið niðri þetta árið. Starfsemi minjaráða var ýtt úr vör með nokkrum myndarbrag á árinu 2019, en starfsemi þeirra hefur svo legið í nokkru salti á covid-árinu 2020. Fundum var frestað á Reykjanesi sem og víðar um vorið, en gjarnan hefur minjaráð farið á vettvang og skoðað áhugaverða minjastaði í nágrenni

fundarstaðar. Vonir stóðu til að fundur yrði haldinn um haustið en með nýrri bylgju veirunnar héldu menn að sér höndum.

Vesturland



Ólafsvíkurrétt.

Árið var frekar hefðbundið, en skipulags- og framkvæmdamál halda áfram að aukast. Aldrei hefur verið eins mikið um framkvæmda- og skipulagsmál á Vesturlandi. Stærri málum hefur fækkað en þeim smærri fjölgað. Skipulagsmálin taka mest af tíma minjavarðar.

Því miður var mjög lítið um uppgrefti á Vesturlandi. Helsti uppgreftur ársins var áframhald rannsóknar á landnámsminjum í Ólafsdal, en einnig fór fram framkvæmdarannsókn vegna framkvæmda við smiðju og tæknihús í Ólafsdal.

Ágangur á ferðamannastöðum hefur minnkað mikið vegna covid þannig að minna hefur þurft að sinna viðhaldi, en gera þarf átak í að merkja minjastaði áður en farfuglarnir mæta aftur.

Minjavörður Vesturlands er fulltrúi minjavörslunnar í Breiðafjarðarnefnd. Sat hann 10 fundi á árinu, en mikil vinna fór í að semja tillögur fyrir umhverfissráðherra um framtíð verndar, nýtingar og stjórnunar verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Enginn fundur var haldinn í minjaráði Vesturlands vegna covid.

Vestfirðir



Sigti í Sandvík á ströndum. Jarðvegur sem grafinn er upp er sigtaður til að ganga úr skugga um hvort gripi sé að finna í honum.

Ekki er starfandi minjavörður á Vestfjörðum. Málum á Vestfjörðum er sinnt af öðrum starfsmönnum stofnunarinnar. Þrátt fyrir óvenjulegt árferði var málafjöldi á Vestfjörðum svipaður og undanfarin ár. Töluvert var um mál tengd ljósleiðaralögnum, meðal annars í Sauðlauksdal þar sem fornleifafræðingur skráði lagnaleiðina. Þar er mikið af minjum, bæði friðuðum og friðlýstum, svo það þurfti að hnika lagnaleiðinni til. Starfsmaður Minjastofnunar fór í vettvangsferð til að taka út hugmyndir fornleifafræðingsins um nýja lagnaleið.

Stormasamt tíðarfar var fram eftir ári og komu mörg eyðibýli illa undan vetri. Gamla timburhúsið að Hesti í Hestfirði sem hafði staðið autt lengi fauk að hluta og var friðun aflétt að undangenginni húsaskráningu og ljósmyndun. Þá barst beiðni frá eigendum Sveinhúsa í Vatnsfirði um að fá að fjarlægja timbur og bárujárn úr gömlu bæjarhúsunum. Starfsmaður Minjastofnunar fór í vettvangsferð og tók út bæinn sem reyndist hafa farið mjög illa í óveðrum vetrarins, en þak og útveggir höfði fokið og stóð húsið opið fyrir veðri og vindum. Veitt var leyfi til að fjarlægja leifar af þaki og timburveggjum að undangenginni ítarlegri byggingarsögulegri rannsókn, húsaskráningu og ljósmyndun. Torfveggir og grjóthleðslur voru látin standa óhreyfð. Upplýsingar úr skráningu og ljósmyndum gefa svo möguleika á að endurbyggja bæinn seinna.

Farin var vettvangsferð í Flatey til að taka úr fyrirhugaða sjóvörn við norðanverða eyjuna, en sjórinn er farinn að grafa undan gömlu húsunum sem standa þar. Þá

var farið í vettvangsferð í Látravík vegna ábendinga heimamanna að minjar væru þar í hættu. Farið var í vettvangsferðir að skoða fornleifarannsóknir á landnámsbæ í Auðkúlu í Dýrafirði og á strandminjum í Sandvík á Ströndum. Að öðru leyti var árið hefðbundið; deiliskipulög, skógrækt, línulagnir og framkvæmdir.

Engir fundir voru haldnir í minjaráði Vestfjarða á árinu vegna covid og veðurs.

Norðurland vestra



Gamla íbúðarhúsið á Höfða á Höfðaströnd, byggt 1892, var auglýst gefins gegn því að það yrði flutt af staðnum og endurbyggt. Búið er að finna húsinu nýja eigendur og er ráðgert að flytja það á árinu 2021.

Á minjasvæði Norðurlands vestra var líkt og fyrri ár að ýmsu að huga á sviði minjaverndar. Samkomutakmarkanir og sóttvarnaaðgerðir settu þó mark sitt á ýmsa þætti starfsins. Ferðir vegna funda féllu nær alveg niður og færðust yfir á netið, þá var ýmsum viðburðum frestað eða þeim breytt í netsamkomur. Minjavörður fór engu að síður, líkt og fyrri ár, í fjölda vettvangsferða í tengslum við framkvæmdir og skipulagsmál. Meginþorri þeirra verkefna sem lenda á borði minjavarðar er tengdur framkvæmdum og skipulagi sem og viðgerðum og viðhaldi gamalla húsa, en auk þess að sitja minjaverðir í ýmsum starfshópum á vegum stofnunarinnar.

Fá leyfi hafa verið gefin út til fornleifarannsókna á minjasvæðinu undanfarin tvö ár. Á árinu 2020 voru aðeins gefin út leyfi fyrir tvær fornleifarannsóknir og þrjár árinu á undan, en til samanburðar voru þær níu árið 2018. Þessi fækkun í útgáfu leyfa skýrist að einhverju leyti af því að stórum rannsóknum á svæðinu lauk árið 2018 og eru þær nú í úrvinnsluferli og sömuleiðis því að enginn starfandi fornleifafræðingur var hjá Byggðasafni Skagfirðinga árið 2019, en fornleifadeild safnsins hafði verið fyrirferðarmikil í rannsóknum á svæðinu fram að því.

Rannsóknirnar tvær sem fengu leyfi árið 2020 voru annars vegar framhald á rannsóknum á Þingeyrarklaustri á vegum Háskóla Íslands og hins vegar framkvæmdarannsókn á jörðinni Grófargili í Skagafirði á vegum Náttúrustofu Vestfjarða. Auk þessara uppgrafta fór fram fornleifaskráning viðs vegar á minjasvæðinu í tengslum við framkvæmdir og skipulag. Þar voru fyrirferðarmestar framkvæmdir við lagningu jarðstrengs á vegum RARIK í

Húnavatnssýslum og Skagafirði sem og lagning ljósleiðara og hitaveitu á vegum sveitarfélaganna á svæðinu.

Meðal þess sem var frábrugðið frá fyrri árum var starfsemi minjaráðs Norðurlands vestra, en engir fundir voru haldnir í ráðinu á árinu 2020.

Norðurland eystra



Rústir Evanger-
verksmiðjunnar við
Siglufjörð.

Verkefni ársins á Norðurlandi eystra voru sem fyrr fjölbreytt og þau helstu snertu ráðgjöf og umsagnir varðandi skipulagsmál og framkvæmdatengd verkefni.

Á árinu voru gefin út sjö leyfi fyrir fornleifarannsóknnum á minjasvæðinu, þar af voru þrjár framkvæmdarannsóknir. Ein rannsóknin fór ekki fram. Grafið var í túngarð vegna framkvæmda við hjúkrunarheimili á Húsavík. Grafið var á lóðinni Aðalstræti 12b á Akureyri vegna fyrirhugaðrar húsbyggingar og einnig var grafið í garðlög í Laxárdal vegna Hólasandslínu 3. Rannsókn var gerð í Svarfaðardal en þar voru teknir könnunarskurðir og borkjarnasýni vegna rannsóknar á garðlögum. Grafið var í meintan skála við Fremri Fjöll í Kelduhverfi, rannsókn hélt áfram á svæði nefndu Í Brekkum í landi Hofstaða í Mývatnssveit og einnig í Hrísey. Auk þessara rannsókna fór fram fornleifaskráning í tengslum við lagningu rafmagns og ljósleiðara á nokkrum stöðum á svæðinu sem og vegna fyrirhugaðs deiliskipulags og vegagerðar.

Alvarlegustu mál ársins á minjasvæðinu voru annars vegar eyðilegging friðlýstra fornleifa í Hörgársveit, en þar var sléttað yfir garðlög og tóftir sem nefndar eru Lögrétta í landi Öxnhóls, og hins vegar þegar Hafnarstræti 37 á Akureyri brann á vordögum, en húsið var aldursfriðað.

Á árinu var einnig töluvert um fyrirspurnir og beiðnir um ráðleggingar vegna friðaðra húsa á minjasvæðinu. Eigendur Grænavatns í Mývatnssveit höfðu samband við minjavörð vegna þess að þekjan á húsinu var fallin og ljóst að bregðast þyrfti við með hraði til að verja húsið frekari skemmdum, en frambærinn á Grænavatni er friðaður. Veittur var neyðarstyrkur úr húsafriðunarsjóði til að

hægt væri að loka þekjunni fyrir veturinn. Minjavörður fór tvær ferðir að Evangerverksmiðjunni við Siglufjörð, en verksmiðjuna tók af í mannskæðu snjóflóði árið 1919. Rústir verksmiðjunnar eru í mikilli hættu vegna landbrots af völdum sjávar og mun hún hverfa í sjóinn á næstu árum/áratugum að óbreyttu. Minjastofnun og Síldarminjasafnið hafa tekið upp samstarf um vöktun svæðisins og björgun gripa. Einnig var vinnu við deiliskipulag Gásakaupstaðar lokið.

Minjaráð Norðurlands eystra náði að funda tvisvar á árinu, en vegna covid urðu fundirnir ekki fleiri. Annar fundurinn var haldinn á Akureyri en hinn á Síldarminjasafninu á Siglufirði þar sem safnið var svo skoðað með góðri leiðsögn frá safnstjóranum og minjaráðsfulltrúanum Anitu Elefsen.

Austurland



*Njarðvíurkirkjugarður
í hinum forna
Borgarfjarðarhreppi
sem nú fellur undir
Múlaþing.*

Verkefnum á minjasvæði Austurlands fór ekki fækkandi árið 2020 þrátt fyrir heimsfaraldur heldur varð töluerð aukning mála á árinu. Starfshættir minjavarðar tóku þó örlitlum breytingum sökum faraldursins svo minjavörður vann mikið heima fyrir en auk þess var skipulag vettvangsferða með öðrum hætti. Tæknin var notuð í meira mæli, lítið var um að minjavörður hitti fólk á vettvangi og var frekar notast við fjarfundarbúnað eða síma til að veita upplýsingar.

Eitthvað var um tilkynningar um gripafundi, t.d. má nefna leifar úr skútu sem skilaði sér upp úr hafinu við Fáskrúðsfjörð. Haustið 2020 lauk viðgerð á friðlýstri fjárborg í Mjóafirði og unnið er að gerð fræðsluskiltis sem verður sett upp við fjárborgina á næsta ári. Framkvæmdum lauk á árinu við Djáknadys í Hamarsfirði þar sem vegfarendur geta kynnt sé sögu dysjarinnar en mikil þörf var á fræðsluskilti á svæðinu enda aðgengilegur áningarstaður alveg við þjóðveginn.

Aukning var á rannsóknum innan minjasvæðisins en flestar þeirra fóru fram í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir, þ. á m. er upphaf stórrar rannsóknar í Seyðisfirði vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarnargarða. Rannsóknin á Stöð í Stöðvarfirði hélt áfram og var það eina vísindarannsóknin sem fram fór á

minjasvæðinu. Minjavörður hefur haft ánægju af að fylgjast með þeirri rannsókn enda hófst hún á sama tíma og hann hóf störf og hefur því geta fylgst með henni frá byrjun. Rannsóknin er styrkt meðal annars af fornminjasjóði.

Það var þó ekki eintóm gleði hér eystra en stuttu fyrir jólin 2020 féllu aurskriður á Seyðisfjörð. Mikil mildi var að ekki varð manntjón en gríðarlegt tjón varð á menningarminjum, bæði friðuðum húsum og safnkosti, en Tækniminjasafnið fór mjög illa í hamförunum. Minjastofnun mun leggja sitt af mörkum í að stuðla að uppbyggingu á svæðinu.

Vegna heimsfaraldurs fundaði minjaráð Austurlands aðeins tvisvar og þá í gegnum fjarfundarbúnað. Fundirnir voru nýttir til að fara yfir stöðu mála á svæðinu.

Suðurland



*Gömlu bæjarhúsin í
Þingskála í
Rangárþingi ytra.*

Á árinu 2020 hafði COVID-19 faraldurinn vissulega áhrif á starfsemi minjavörslunnar líkt og annars staðar í þjóðfélaginu. Það hægði á öllu, bæði beiðnum um umsagnir vegna skipulagsmála sem og öðrum þáttum í starfi minjavarða. Talsverður öldugangur var í innsendum skipulagsbeiðnum, stundum var rólegt en svo kom holskefla. Mikið var um fyrirspurnir frá almenningi. Það var eins og fólk hefði loksins tíma til að garfa í sínum skipulagsmálum, þá ekki síst sumarhúsaáætlunum.

Mestu fréttir ársins af Suðurlandi eru án efa friðlýsing menningarlandslags í Þjórsárdal. Sú friðlýsing er sú fyrsta þar sem svo stórt, samfellt svæði er friðlýst á forsendum menningarminja. Í maí fór fornleifauppgröftur fram að Bergsstöðum í Þjórsárdal, minjastað sem nýlega fannst í dalnum. Minjavörður var á staðnum og tók þátt í að rannsaka hinn friðlýsta stað. Nýr fljótandi göngustígur var lagður um búðasvæðið á Þingvöllum í samráði við Minjastofnun sem gerir öllum kleift að njóta hinna jarðföstu minja.

Fundir minjaráðanna hafa orðið fáir í kófinu en þó náðist að halda einn fund í Skógum í janúar.

Úthlutanir úr sjóðum

Úrvinnsla umsókna í fornminjasjóð og húsafríðunarsjóð fór fram í byrjun árs og var tilkynnt um úthlutanir úr húsafríðunarsjóði 15. mars og úr fornminjasjóði 22. mars.

Fornminjasjóður

Vegna styrkúthlutunar árið 2020 var auglýst eftir umsóknum 15. nóvember 2019 og rann umsóknarfrestur út 10. janúar 2020. Auglýst var í dagblöðum, á heimasíðu og Facebook-síðu stofnunarinnar. Sótt var um með rafrænum hætti á eyðublaði sóttu af vef Minjastofnunar Íslands. Alls bárust 60 umsóknir um styrki úr fornminjasjóði árið 2020, tveimur var vísað frá þar sem þær féllu ekki undir tilgang og markmið sjóðsins, 16 styrkir voru veittir. Sótt var um samtals 146.646.550 kr. en til úthlutunar að þessu sinni voru 41.360.000 kr.

Allar umsóknir sem berast eru lagðar fyrir fornminjanefnd sem skilar um þær umsögn og gefur þeim einkunn. Ekki var hægt að styrkja fjölda góðra umsókna í ár en alls töldust 82% umsóknanna styrkhæfar, sem er hátt hlutfall. Því var ljóst að einungis yrði hægt að styrkja þær umsóknir sem fengu hæstu einkunnirnar, en umsóknir eru metnar á skalanum 0–15. Allar umsóknir sem fengu 15 í einkunn, þrjár talsins, hlutu styrk en velja þurfti úr þeim umsóknum sem fengu 14 í einkunn. Forgangsraðað var eftir fyrir fram útgefnum áherslum sjóðsins í ár og því hvort um framhaldsrannsókn var að ræða. Einnig var litið til skila á skýrslum vegna áður úthlutaðra styrkja úr sjóðnum. Við ákvörðun Minjastofnunar um úthlutun styrkja er tekið tillit til umsagna og mats nefndarinnar.

Tafla 9.1 Úthlutanir úr fornminjasjóði. Fjárhæðir í þús. króna.

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Fornleifarannsóknir (uppgröftur/skráning)	Miðlun upplýsinga	Varðveisla og viðhald fornminja	Viðhald annarra menningarminja	SAMTALS STYRKIR
Reykjavík og nágrenni	5	3	3.000	0	1.680	1.200	5.880
Reykjanes	3	1	0	2.700	0	0	2.700
Vesturland	6	2	7.000	0	0	0	7.000
Vestfirðir	7	1	2.800	0	0	0	2.800
Norðurland vestra	3	1	0	2.100	0	0	2.100
Norðurland eystra	6	1	3.500	0	0	0	3.500
Austurland	5	1	3.500	0	0	0	3.500
Suðurland	13	4	5.800	2850	3.000	0	11.650
	48	14	25.600	7.650	4.680	1.200	39.130
Fornleifarannsóknir (á landsvísu)	5	1					930
Miðlun upplýsinga (ekki staðbundið)	2	1					1.300
Varðveisla/viðhald (ekki staðbundið)	1	0					0
Rannsóknir á forngripum	2	0					0
	10	2					
SAMTALS	58	16					41.360



Húsafríðunarsjóður

Tekjur húsafríðunarsjóðs eru annars vegar framlag ríkissjóðs, sem kveðið er á um í fjárlögum, og hins vegar framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nemur 150 kr. á hvern íbúa landsins í upphafi árs.

Árið 2020 nam framlag jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 54.620.100 kr. en framlag ríkissjóðs á fjárlögum var 319.500.000 kr. Þar af voru 100.000.000 kr. vegna sérstaks framlags til að vinna gegn samdrætti af völdum covid-faraldursins og var úthlutað í styrki til atvinnuskapandi verkefna á svæðum sem urðu fyrir hvað mestum efnahagslegum þrengingum vegna faraldursins. Sjá frekari umfjöllun um það síðar í þessum kafla. Að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá fyrra ári, niðurfelldra styrkja á árinu vegna fyrri úthlutana, áætlaðs kostnaðar við starfsemi húsafríðunarnefndar á árinu og varasjóðs sem þarf að vera til staðar svo bregðast megi við umsóknum um styrki í neyðartilvikum sem geta komið upp innan ársins, voru til úthlutunar í styrki árið 2020 304.000.000 kr.

Við úthlutun styrkja árið 2020 var tekið mið af úthlutunarreglum sem staðfestar voru af forsætisráðherra 9. júní 2016 (nr. 577/2016).

Auglýst var eftir umsóknum vegna styrkúthlutunar 2020 þann 15. október 2019 og rann umsóknarfrestur út 1. desember 2019. Auglýst var í dagblöðum og héraðsfréttablöðum um land allt. Auk þess var auglýsingin birt í Stjórnartíðindum og Lögbirtingablaðinu. Sótt var um með rafrænum hætti á vef Minjastofnunar Íslands. Alls bárust 283 umsóknir um styrki úr húsafríðunarsjóði, en veittir voru 228 styrkir. Samtals var sótt um rúmlega einn milljarð króna. Allar umsóknir sem berast eru lagðar fyrir húsafríðunarnefnd sem skilar um þær umsögn og gefur þeim einkunn, þar sem m.a. er lagt mat á varðveislugildi mannvirkis, gæði umsóknar, mikilvægi verkefnis og framlag umsækjanda. Við ákvörðun Minjastofnunar um úthlutun styrkja er tekið tillit til umsagna og mats nefndarinnar.

Tafla 9.2 Úthlutanir úr húsafríðunarsjóði. Fjárhæðir í þús. króna.

		Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Friðlýstar kirkjur	Friðlýst hús	Friðuð hús og mannvirki	Önnur hús og mannvirki	SAMTALS STYRKIR
Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes		70	53	10.200	32.300	29.550	2.500	74.550
Vesturland		18	10	400	4.300	4.900	500	10.100
Vestfirðir		50	44	5.500	10.000	19.350	3.600	38.450
Norðurland		45	41	27.600	4.200	29.000	1.900	62.700
Austurland		45	38	10.900	4.600	35.400	1.500	52.400
Suðurland		44	34	12.600	21.500	15.700	4.800	54.600
		272	220	67.200	76.900	133.900	14.800	292.800
Byggða- húsakannanir	og	2	2					4.000
Rannsóknir önnur verkefni	og	8	6					7.200
Verndarsvæði byggð	í	1	0					0
SAMTALS		283	228					304.000

Einn þáttur í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að vinna gegn samdrætti vegna covid-faraldursins var að veita 100 milljóna króna viðbótarframlagi í húsafriðunarsjóð, sem nýta skyldi til að veita styrki í atvinnuskapandi verkefni á svæðum sem urðu fyrir hvað mestum efnahagslegum þrengingum vegna faraldursins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Minjastofnun Íslands að ákveða verklag við úthlutun 60 milljón króna af þeirri upphæð í samráði við húsafriðunarnefnd, en 40 milljónir runnu til húsasafns Þjóðminjasafns Íslands.

Í ljósi aðstæðna þótti ekki raunhæft að opna fyrir umsóknir um ný verkefni, heldur var ákveðið að líta til þeirra verkefna sem sótt hafði verið um styrki til á síðasta umsóknartímabili og þegar hafði verið lagt mat á. Þeim verkefnum var gefin einkunn með tilliti til eftirtalinna matsþátta: Efling atvinnulífs, samfélagslegt mikilvægi, gildi frá sjónarhóli minjavörslu og fagleg gæði verkáætlunar. Litið var sérstaklega til verkefna sem ráðast mátti í strax og ljúka sumarið 2020.

Minjastofnun ákvað í samráði við húsafriðunarnefnd að verja þessu framlagi til 36 verkefna. Flestir styrkirnir voru hækkun á áður veittum styrk, en fjórir styrkjanna voru til verkefna sem ekki var unnt að styrkja í fyrri úthlutun úr sjóðnum, en voru engu að síður talin mjög verðug verkefni.

Nánari upplýsingar um úthlutun ársins 2020 má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

Fjármál

Minjastofnun Íslands – rekstrarreikningur

Rekstrarafkoma Minjastofnunar Íslands árið 2020 var neikvæð um kr. 1.033.955. Höfuðstóll eigin fjár var í árslok 2020 neikvæður um kr. 1.033.955.

Framlag ríkissjóðs til reksturs Minjastofnunar var kr. 266.300.000 og þar af var sérstakt framlag, kr. 20.000.000, til að mæta óvæntum útgjöldum á árinu. Undir liðnum framlög og ýmsar tekjur er sérstakt framlag, kr. 13.000.000, vegna átaks í skráningu menningararfs, styrkur frá Vinnumálastofnun vegna þátttöku í verkefninu sumarstörf námsmanna og styrkir vegna ýmissa samstarfs- og innviðaverkefna. Kostnaður vegna verkefnanna er gjaldfærður undir liðnum annar rekstrarkostnaður.

Rekstrarreikningur 2020		
Minjastofnun Íslands		
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga		266.300.000
Framlög og ýmsar tekjur		18.889.989
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		7.468.787
	Tekjur samtals	292.658.776
Gjöld		
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		209.344.894
Framlög og tilfærslur		0
Annar rekstrarkostnaður		76.803.980
Afskriftir		7.468.787
	Gjöld samtals	293.617.661
	Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	(-958.885)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(-75.070)
	Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	(-75.070)
	Afkoma ársins	(-1.033.955)
Eigið fé		
Höfuðstóll í upphafi árs		0
Afkoma ársins		(-1.033.955)
Höfuðstóll í árslok		(-1.033.955)

Fornminjasjóður – rekstrarreikningur

Höfuðstóll fornminjasjóðs, sem fluttur var frá árinu 2019, var í ársbyrjun 2020 kr. 5.391.472. Afkoma sjóðsins á árinu 2020 var jákvæð um kr. 1.575.746. Höfuðstóll eigin fjár (ónýtt fjárheimild) í árslok 2020 var því kr. 6.967.218. Var hann fluttur yfir á árið 2021. Sjá nánar kaflann *Fornminjasjóður* á bls. 34.

Rekstrarreikningur 2020		
Fornminjasjóður		
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga		45.300.000
	Tekjur samtals	45.300.000
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld		1.827.871
Framlög og tilfærslur		41.760.000
Annar rekstrarkostnaður		136.383
	Gjöld samtals	43.724.254
	Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	1.575.746
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		0
	Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	0
	Afkoma ársins	1.575.746
Eigið fé		
Höfuðstóll í upphafi árs		5.391.472
Afkoma ársins		1.575.746
Höfuðstóll í árslok		6.967.218

Húsafríðunarsjóður – rekstrarreikningur

Rekstrarafkoma húsafríðunarsjóðs á árinu 2020 var neikvæð um kr. 2.845.751. Ársreikningur sjóðsins sýnir neikvæðan höfuðstól eigin fjár í árslok sem nemur kr. 65.367.950. Í fjárlögum 2017 og 2018 var gerð sú breyting á fjárveitingum til sjóðsins frá fyrri árum að hluti af fjárheimildum hans var færður sem framlag til fjárfestinga. Sjóðurinn er hins vegar ekki í fjárfestingum heldur úthlutar styrkjum til verkefna og hefur kostnað af starfsemi húsafríðunarnefndar. Gerðar voru athugasemdir á árinu 2019 við þessa meðhöndlun fjárheimilda og breyting á þeim til fyrra forms var framkvæmd að hluta á árinu 2019.

Á árinu 2020 átti að ljúka við leiðréttingu á höfuðstól með því að færa kr. 51.769.813 af ónýtttri fjárfestingarheimild á höfuðstól til hækkunar eigin fjár. Fyrir mistök var eiginfjárstaða lækkuð sem því nemur. Lækkunin og staða á ónýtttri fjárfestingarheimild mun verða leiðrétt við flutning á árslokastöðu 2020 yfir á árið 2021. Að teknu tillit til leiðréttinga mun neikvæð staða eiginfjár verða jákvæð sem nemur kr. 38.171.676 í ársbyrjun 2021.

Undir liðnum framlög og ýmsar tekjur er framlag sveitarfélaga til sjóðsins sem greiðist úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Sjá nánar kaflann [Húsafríðunarsjóður](#) á bls. 35.

Rekstrarreikningur 2020		
Húsafríðunarsjóður		
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga		319.500.000
Framlög og ýmsar tekjur		54.620.100
	Tekjur samtals	374.120.100
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld		2.524.392
Framlög og tilfærslur		368.170.000
Annar rekstrarkostnaður		6.269.649
	Gjöld samtals	376.964.041
	Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	(-2.843.941)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(-1.810)
	Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	(-1.810)
	Afkoma ársins	(-2.845.751)
Eigið fé		
Höfuðstóll í upphafi árs		(-10.752.386)
Afkoma ársins		(-2.845.751)
Breyting á árslokastöðu skv. ákv. fjármála- og efnahagsráðuneytis		(-51.769.813)
Höfuðstóll í árslok		(-65.367.950)
Leiðrétting v. rangrar færslu fjármála- og efnahagsráðuneytis		51.769.813
Ónýtt fjárveiting til fjárfestinga		51.769.813
Höfuðstóll í árslok með fjárveitingu til fjárfestinga og leiðréttingum		38.171.676



*Vestdalseyri við
Seyðisfjörð.*